



Fundargerð

aðalfundur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH)
haldinn að Borgartúni 6, fimmtudaginn 27. mars 2014.

Fundur settur kl. 16:00.

Formaður bauð félagsmenn velkomna.
Fundarstjóri: Jóngeir Hlinason
Fundarritari: Ragnheiður Ragnarsdóttir

Dagskrá, samkvæmt lögum félagsins:

- Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
- Reikningsskil
- Skýrslur og tillögur nefnda
- Tillögur félagsstjórnar
- Kosning í embætti stjórnar og önnur trúnaðarstörf
- Kosninga skoðunarmanna
- Lagabreytingar
- Ákvörðun félagsgjalda
- Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.

Formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2013. Skýrsla stjórnar ásamt reikningum og öðrum fundargögnum fylgdi fundargerð.

2. Reikningsskil.

Ársreikningi félagsins var dreift á fundinum. Gjaldkeri kynnti reikninga KVH og Vísindasjóðs KVH.

Tekjur KVH voru kr. 39.939.564 og gjöld kr. 38.024.454. Hagnaður ársins 2013 nam kr. 2.232.682. Hrein eign var jákvæð í árslok 2013 um kr. 32.324.476.

Tekjur eða iðgjöld Vísindasjóðs KVH voru kr. 18.247.899 og rekstrargjöld kr. 15.348.659. Hagnaður eftir fjármunatekjur var kr. 3.124.824.

Þá var rekstraráætlun fyrir árið 2014 lögð fram til kynningar og samþykktar. Í framhaldi af kynningu á ársreikningum og rekstraráætlun var opnað fyrir fyrirspurnir frá félagsmönnum.

Eftirfarandi fyrirspurnir voru bornar fram:

- Spurt um fjölda stöðugilda á bak við launakostnað KVH árin 2013 og 2014. Formaður gerði grein málinu.
- Spurt um hækkun á pappírskostnaði milli ára. Gjaldkeri greindi frá því að hækkunin væri m.a. tilkominn vegna hönnunar og prentunar nýs kynningarbæklinga KVH. Ýmsar

breytingar á gjöldum má skýra með sérstökum aðstæðum 2013 þegar félagið og klauf sig frá Huggarði og opnaði eigin þjónustuskrifstofu.

- Spurt um fjölda fyrirspurna og erinda til skrifstofu KVH. Formaður svaraði að þær upplýsingar lægju ekki fyrir. Upplýsingar um fjölda erinda sem vísað var til lögmanns eru til og nær undantekningarlaust hafa farsælar lausnir fengist fyrir félagsmenn í þeim málum.

Ársreikningur var borinn undir atkvæði og hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Ársreikningur Vísindasjóðs KVH borin undir atkvæði og hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

Rekstraráætlun borin upp til samþykktar og hún samhljóða samþykkt.

3. Skýrslur og tillögur nefnda.

a) Nefnd til endurskoðunar stjórnarlauna:

Í nefndinni eru Jóngeir Hlinason og Halla Sigurðardóttir. Jóngeir greindi frá því að nefndin hefði fengið það starf fyrir nokkrum misserum, með umboði frá aðalfundi, að setja saman launamódel fyrir stjórnarlaun. Halla greindi frá launamódeli sem nefndin hefur stuðst við og þeim breytingum sem nefndin hefur lagt til. Lagt er til að stjórnarlaun hækki um tvo launaflokka, þ.e. miðað verði við 15. flokk úr kjarasamningi ríkisstarfsmanna. Sá launaflokkur endurspeglar meðallaun félagsmanna KVH. Laun formanns verði sem nemur 14% af þeim flokki. Laun ritara og gjaldkera 10% en annarra stjórnarmanna 8%. Þá leggur nefndin til að laun verði greidd mánaðarlega eftirá.

Gjaldkeri og formaður samþykkja reikninga frá stjórnarmönnum vegna tíma sem ekki falla undir föst stjórnarlaun. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna stjórnarlauna lækki (þ.e. fækkun aukatíma) og starfsmenn skrifstofu taki að einhverju leyti við þeirri vinnu sem fallið hefur á stjórnarmenn.

Tillaga nefndarinnar var samþykkt einróma.

Ekki fleiri tillögur nefnda.

4. Tillögur félagsstjórnar.

Formaður bar fram svohljóðandi tillögu stjórnar að fjárfestingarstefnu KVH: Stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga leggur til að stjórn félagsins hafi eingöngu heimild til þess að fjárfesta fjármunum félagsins í ríkistrygðum skuldabréfasjóðum.

Tillagan samþykkt einróma.

5. Kosning í embætti stjórnar.

Birgir Guðjónsson gaf áfram kost á sér í starf formanns stjórnar. Einn í framboði og var hann því sjálfkjörinn.

Ragnheiður Ragnarsdóttir gaf áfram kost á sér í starf ritara stjórnar. Ekkert mótframboð og var hún því sjálfkjörin.

Ársæll Baldursson gaf áfram kost á sér í starf gjaldkera. Ekkert mótframboð og var hann því sjálfkjörinn.

Meðstjórnendur Helga Sigurðardóttir og Helgi Þór Jónasson gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa. Stefán Þór Björnsson gaf einnig kost á sér sem meðstjórnandi.

Kosning fór fram um tvo meðstjórnendur. Niðurstöður urðu þær að Stefán fékk 27 atkvæði, Helgi 16 og Helga 13. Meðstjórnendur nýrrar stjórnar verða því Stefán Þór Björnsson og Helgi Þór Jónasson.

Kosning þriggja varamanna. Í framboði voru: Hjálmar Kjartansson, Sigríður Svavarsdóttir og Birna Eggertsdóttir og voru þau sjálfkjörin.

6. Kosning skoðunarmanna.

Jóngeir Hlinason og Halla Sigurðardóttir gáfu kost á sér áfram og voru þau sjálfkjörin.

7. Lagabreytingar.

Hjálmar Kjartansson gerði grein fyrir tillögum lagabreytingarnefndar, sem kynntar höfðu verið í fundarboði og birtar á vefsíðu KVH fyrir fundinn. Þær fólu í sér verulega breytingar og viðbætur á gildandi lögum, m.a. róttækar breytingar á 4. grein laganna um félagsaðild. Einnig voru talsverðar breytingar gerðar á 9. grein um aðalfund.

Þrjár tillögur að lagabreytingum komu fram á fundinum:

Tillaga Sigríðar Svavarsdóttur:

Ný málsgrein bætist aftast í 10. Grein, svohljóðandi:

„Hámarks tími sem stjórnarmaður getur setið í stjórn getur ekki orðið lengri en 12 ár og formaður stjórnar skal ekki sitja lengur en 16 ár í stjórn félagsins.“

Tillaga Hjálmars Kjartanssonar:

Ný málsgrein bætist aftast í 10. Grein, svohljóðandi:

„Hámarks tími sem stjórnarmaður getur setið í stjórn getur ekki orðið lengri en 6 ár samfleytt.“

Tillaga Hjálmars borin upp til atkvæða á undan þar sem hún gengur lengra. Tillagan felld.

Tillaga Sigríðar borin upp til atkvæða. Tillagan samþykkt.

Tillaga Valdimars Þorkelssonar

Að síðasta setning í fyrstu málsgrein 10. greinar falli út, en hún er þannig:

„Leitast skal við að hlutfall karla eða kvenna samanlagt í stjórn og varastjórn félagsins nái 40%.“ Tillagan var felld.

Þá var gerð athugasemd við 4. grein. Umræður. Samþykkt að láta greinina standa óbreytta.

Samþykkt að bera tillögu að lagabreytingum upp í heild til samþykktar. Lögin samþykkt með öllum atkvæðum og verða lög KVH í framhaldi af aðalfundinum.

8. Ákvörðun félagsgjalda.

Félagsgjöld eru 0,6% og lagt til að þau standi óbreytt. Samþykkt.

9. Önnur mál.

Formaður hvatti félagsmenn til að taka þátt í starfi félagsins m.a. með því að hafa samband við sig eða framkvæmdastjóra. Vakti jafnframt athygli á breytingum með nýju lögnum um að tilkynna þurfi framboð til stjórnar fyrir aðalfund (f. 1. mars).

Formaður greindi frá stöðu kjarasamningaviðræðna.

Spurt var hvenær vænta mætti niðurstaðna úr skoðanakönnun sem KVH framkvæmdi nýverið til að kanna hug félagsmanna til verkfallsaðgerða vegna yfirstandandi kjaraviðræðna. Framkvæmdastjóri greindi frá því að 240 félagsmenn sem aðild eiga að kjarasamningum við ríki og sveitarfélög hefðu svarað könnuninni. 63% voru sammála um að fara í einhvers konar aðgerðir ef á þyrfti að halda.. Mismunandi áherslur eftir eðli aðgerða en greinilegur vilji fyrir hend. 37% voru mótfallin mögulegum verkfallsaðgerðum

Framkvæmdastjóri greindi frá öðrum kjarasamningaviðræðum sem eru í gangi. Benti ennfremur á stofnanasamninga við ríkisstofnanir, en þar bíður mikil vinna við endurskoðun þeirra, í framhaldi af yfirstandandi kjaraviðræðum.

Fleira ekki gert.

Formaður sleit fundi kl. 18:15.